

REGLUR
fjármálaráðuneytisins
og
Kennarasambands Íslands
um heimild til greiðslu tímakaups til kennara

Framhaldsskólum er heimilt að greiða kennurum tímakaup í eftirfarandi tilvikum:

1. Kennsla alls sé minni en fjórðungur fullrar kennsluskyldu. Til kennslu telst álag, svo sem sérkennsluálag eða öldungadeildarálag. Önnur störf skal ekki telja til kennslu.
2. Kennslunni sé ætlað að standa skemur en þrjá mánuði.

Kennurum á tímakaupi skal ekki ætla sömu hlutfallslegu þátttöku í kennarafundum og svipuðum störfum innan skólans og starfsmönnum sem fá greidd mánaðarlaun. Hlutfallið 1/3 í greinum 2.7 í kjarasamningi aðila breytist skv. þessum reglum.

Reglur þessar gilda frá upphafi skólaárs 2004 - 2005.

Annars á kennari sem ráðinn er tímabundinni ráðningu í a.m.k. fjórðung starfs rétt til mánaðarlauna sem greiðast þannig:

1. Kennari sem kennir við fleiri en einn framhaldsskóla á rétt á því að öll kennsla hans reiknist sem um eitt starf sé að ræða, enda uppfylli hann skilyrði til mánaðarlauna við einn þeirra og ráðning hans við aðra nái til a.m.k. þriggja mánaða.
2. Lækkun kennsluskyldu í framhaldsskóla við 55 og 60 ára aldur sem kennari hefði notið sem skipaður, settur eða ráðinn ótímabundinni ráðningu, skal tekin til greina við ákvörðun launahlutfalls enda hafi ráðning á a.m.k. hálfum föstum mánaðarlaunum á grunn- og/eða framhaldsskólastigi varað minnst 5 ár fyrir hvora lækkun um sig.
3. Laun greiðast mánaðarlega með eftirfarandi hætti:
 - (a) Ef ráðning er til heils skólaárs, greiðast laun fyrir tímabilið frá 1. ágúst til 31. júlí.
 - (b) Ef ráðning er einungis til haustannar (4,5 mán.), greiðast laun í 6 mánuði frá 1. ágúst. Þar í eru innifalin orlofslaun.
 - (c) Ef ráðning er einungis til vorannar (4,5 mán.), greiðast laun í 6 mánuði frá 1. janúar. Þar í eru innifalin orlofslaun.
 - (d) Ef lengd annar er 4 mánuðir, greiðast laun í 5,33 mánuði og ef lengd annar er 5 mánuðir, greiðast laun í 6,67 mánuði. Þar í eru innifalin orlofslaun.

Um laun kennara sem fær greidd mánaðarlaun samkvæmt þessum reglum gilda ákvæði kjarasamninga að öðru leyti.

Fyrri reglur um greiðslur til stundakennara á föstum mánaðarlaunum frá 22. júlí 1993 falla þá jafnframt úr gildi.

Reykjavík, 29. júní 2004